



FLJÓTSDALSHREPPUR - BYGGINGARFULLTRÚI
Végarði, 701 Egilsstaðir

Fundur í byggingar- og skipulagsnefnd Fljótsdalshrepps í Végarði
19. október 2022 kl. 15:00.

Fundarmenn: Kamma Dögg Gísladóttir skipulagsráðgjafi, Lárus Heiðarsson formaður, Eiríkur J. Kjerúlf, Helga Eyjólfadóttir og Sveinn Þórarinnsson, byggingarfulltrúi.

Þéttbýliskjarni í landi Hjarðarbóls. Vinnsla deiliskipulags.

Skipulagsráðgjafi frá Eflu fundaði með byggingar- og skipulagsnefnd og fór yfir þá skipulagsvinnu sem hafin er fyrir íbúðarbyggð í landi Hjarðarbóls.


Búið er að auglýsa skipulagslýsingu og bærust athugasemdir við hana sem verða hafðar til hliðsjónar við áframhaldandi skipulagsvinnu.

Einnig var farið yfir niðurstöður hugarflugsfundar ungs fólks búsett í Fljótsdalshreppi sem haldinn var í mars á þessu ári.

Þó svo að enn sjá ekki fyrir endann á deilumálum og óvissu um eignarhald á landi Hjarðarbóls, er það vilji nefndarinnar að halda áfram með skipulagsvinnuna út frá þeim hugmyndum sem komnar eru.

Farið var yfir hver næstu skref væru; fá fornleifafræðing til að fornleifaskrá svæðið og var skipulagsráðgjafa falið að óska eftir tilboði í það, gera grein fyrir neysluvatnsöflun á svæðinu og auglýsa fljótlega vinnslutillögu í 3 vikur.

Skipulagsráðgjafinn kastaði upp nokkrum tillögum sem hann hefur haft til skoðunar. Fundarmenn voru sammála um að leggja neðangreinda tillögu til grundvallar við frekari vinnslu á deiliskipulaginu.



Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 16:00
Fundarritari: Sveinn Þórarinnsson.